

Fundur haldinn í menningar-, íþrótt- og frístundanefnd Hveragerðisbæjar á bæjarskrifstofum Breiðumörk 20, mánudaginn 8. apríl 2019, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Unnur Birna Björnsdóttir, Ingibjörg Zoëga, Nína Kjartansdóttir og Sigurður Páll Ásgeirsson. Sandra Sigurðardóttir og Jakob Fannar Hansen boðuðu forföll.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístunafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Rafíþróttadeild – Samstarfsverkefni

Formaður kynnti fyrirhugaða stofnun rafíþróttadeildar samstarfi við Íþróttafélagið Hamar, Hveragerðisbæ og Grunnskólans í Hveragerði. Rafíþróttir geta eftt félagsfærni og mannleg samskipti hjá börnum og unglingum sem hafa áhuga á tölvutækninni. Fyrirmyndir af rafíþróttadeildum má finna víða á Norðurlöndunum.

Menningar-, íþrótt og frístundanefnd leggur til við Bæjarstjórn að komi til þess að stofnuð verði Rafíþróttadeild muni Hveragerðisbær styðja við stofnun þeirrar deildar með því t.d. að leggja til húsnæði sem gæti hentað slíkri deild.

2. Ársreikningar og ársskýrslur félaga í Hveragerði

Menningar og frístunafulltrúi lagði fram til kynningar ársskýrslur HSSH, Íþróttafélagsins Hamars, skátafélagsins Stróks, FEBH og leikfélagsins.

3. Framkvæmdir við Hamarshöll

Kynntar voru fyrirhugaðar framkvæmdir á bílastæði og drög að tækjahúsi við Hamarshöll.

4. Menningarverðlaun 2019

Nefndarmenn ræddu um fjölbreytt menningarlíf bæjarins og var ákveðið að tilnefna á næsta fundi í maí, einstakling/félag/fyrirtæki, til menningarverðlauna Hveragerðisbæjar 2019.

5. Ungmennaráð

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verður haldin 10.–12. apríl 2019 í Borgarnesi. Yfirskriftin er Betri ég! Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér? Steinunn Steinþórsdóttir fer sem fulltrúi ungmenna í bænum.

Á næsta fundi ungmennaráðs þann 17. maí verður ákveðið hvenær ungmennaping verður haldið á haustdögum.

6. Sumardagurinn fyrsti

Menningar og frístunafulltrúi kynnti dagskrá Hveragerðisbæjar á sumardaginn fyrsta. Einnig er sumarkomu fagnað í opnu húsi Landbúnaðarháskólans á Reykjum þar sem gestir og gangandi geta notið gróðursins og hlakkað til sumarsins.

7. Listaverk í Lystigarðinum

Kynning á fyrirhuguðu bæjarlistaverki. Nefndarmönnum leist vel á hugmyndina og leggja til að bæjarstjórn gangi til samninga við listamennina.

JMH
FS



Menningar- íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðis

8. Viðburðir sumarsins

Menningar og frístundafulltrúi kynnti fyrirhugaða viðburði sumarsins. Í ár verður viðburðurinn, Græna Byltingin, helgina 13.-16.júní kenndur við garðyrkju, umhverfismál og náttúruvernd. Hátíðarhöld verða 17.júní en lýðveldið fagnar 75 ára afmæli. Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar verður helgina 15.-18.ágúst.

9. Sumarnámskeið fyrir börn

Menningar og frístundafulltrúi kynnti fyrirhugaða dagskrá sumarsins fyrir yngstu börnin og þá nýbreytni að bjóða uppá fullt fæði á íþróttá og ævintýranámskeiðinu.

10. Kynning á heilsueflandi samfélagi og verkefninu Heilsuefling 60+

Menningar og frístundafulltrúi sagði frá vinnustofu sem var fyrir tengiliði HSAM, sveitarfélög sem eru í innleiðingarferli sem Heilsueflandi samfélög. Einnig var kynning á heilsueflingarverkefni Hveragerðisbæjar fyrir 60 ára og eldri.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:45

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Ingibjörg Zoëga, (sign)

Sigurður Ásgeirsson, (sign)

Nína Kjartansdóttir, (sign)

Unnur Birna Björnsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson
Ingibjörg Zoëga
Sigurður Ásgeirsson
Nína Kjartansdóttir
Unnur Birna Björnsdóttir
J.M.H.